



Borgarráð

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um aðgang að vinnustofu Kjarval

Á fundi borgarráðs þann 11. júní sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins:

1. Er virkilega ekkert húsnæði sem borgin ræður yfir sem getur sinnt þessum þörfum? 2. Er það virkilega svo að vinnuaðstaða starfsfólks í „efsta lagi“ stjórnvæðslunnar er svo slæm að grípa þurfti í þetta úrræði? 3. Hvers vegna þarf „efsta lag“ stjórnvæðslunnar fundaraðstöðu utan stjórnvæðslubygginga borgarinnar? 4. Hvaða embættismenn hafa yfirlit yfir þessum kortum tæmandi talið? 5. Hefur borgarstjóri kort/aðgang að vinnustofunni? 6. Hefur formaður borgarráðs kort/aðgang að vinnustofunni? 7. Hefur forseti borgarstjórnar kort/aðgang að vinnustofunni? 8. Hafa aðrir kjörnir fulltrúar kort/aðgang að vinnustofunni s.s. oddviti Pírata og Vinstri grænna eða einhverjir aðrir? 9. Hafa kjörnir einhverjir kjörnir fulltrúar kort/aðgang að vinnustofunni og ef svo er hverjir eru það? 10. Handhafi korts virðist hafa aðgang að vinnustofunni og veitingaaðstöðu alla daga og til lokunar á kvöldin – er áfengi þar með talið? 11. Í frétt Fréttablaðisins kemur fram að vinnustofan er sérstaklega vel til þess fallin að taka á móti erlendum og innlendum viðskiptamönnum, hitta samstarfsfólk vegna vinnu eða utan hennar, rækta tengsl við aðra og sinna störfum sínum í næði frá dagsins önn. Er það hlutverk útsvarsgreiðenda í Reykjavík að standa undir þessum sérþörfum sem eiga heima á almenna markaðnum en ekki hjá sveitarfélagi? 12. Hvaða erlendu og innlendu viðskiptamenn hafa notið veitinga á kostnað Reykjavíkurborgar og með hvaða embættismönnum/starfsmönnum borgarinnar fengu þeir aðgang, tæmandi talið? 13. Handhafar kortanna eru í forgangi á viðburði í vinnustofunni, hafa handhafar kortanna notið sér þann forgang, ef svo er hverjir sóttu hvaða viðburð tæmandi talið? 14. Hefur kortið/aðgangurinn dugað til neyslu veitinga eða hafa komið reikningar til borgarinnar vegna framúrkeyrslu veitinga/þjónustu? 15. Ef svo er – hvað nemur neyslan/þjónustan háum upphæðum tæmandi talið?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með bréfi skrifstofu borgarstjórnar, 15. júní sl.

Svar við fyrirspurn:

Ákvörðun var tekin um að ganga til samstarfs við vinnustofu Kjarvals vegna þess að talið var að það gæti lækkað kostnað borgarinnar við vinnufundi, starfsdaga, starfsþróunarsamtöl, móttöku

gesta og fleira, sem gjarnan hefur verið gert utan vinnustaðar. Farið var í tilraunaverkefni til eins árs og ákveðið að meta árangurinn í kjölfarið en tilraunaverkefninu lýkur þann 1. nóvember nk. Það hefur verið mat sérfræðinga í mannauðsmálum að betur fari á því að starfsþróunarsamtöl eigi sér stað utan hins hefðbundna vinnustaðar. Einnig er leitast við að hafa starfsdaga ólíkra starfseininga utan vinnustaðar. Fyrir þessu er rík hefð, bæði á almenna markaðnum og opinbera. Þessu fylgir ákveðinn kostnaður og var markmiðið með tilraunaverkefninu að draga úr þeim kostnaði.

Fundarherbergi í húsnæði borgarinnar eru umsetin og bókuð með talsverðum fyrirvara. Að mati stjórnenda getur reynst farsælla að funda með samstarfsaðilum borgarinnar á hlutlausu svæði. Einnig getur verið þörf á einkafundum. Þá er jákvæð reynsla af því að regluleg starfsþróunarsamtöl séu utan vinnustaðar en vinnustofan hefur talsvert verið nýtt til slíkra viðtala. Vinnustofa Kjarvals er einnig talin heppileg fyrir lengri vinnufundi og starfsdaga sem að jafnaði eru haldnir tvisvar á ári hjá einingum og geta verið innan og utan vinnutíma. Erfitt getur verið að bóka tíma fyrir lengri vinnufundi í fundarherbergjum stjórnarsýsluhúsanna vegna mikillar aðsóknar. Vinnuaðstaða starfsfólks hjá Reykjavíkurborg er almennt góð en bæði stjórnendur og aðrir starfsmenn vinna að jafnaði í opnu rými. Eðli málsins samkvæmt hefur það í för með sér talsvert minna næði en í lokuðum skrifstofum en hefur á móti þá kosti að stytta boðleiðir og styrkja teymisvitund. Til þess að fá næði til funda er því heppilegt að mörgu leyti að hafa aðgengi að góðri fundaraðstöðu utan vinnustaðar í vissum tilfellum eins og að framan er rakið.

Samkvæmt fyrirbyggjandi samningi um tilraunaverkefni um aðgang starfsfólks Reykjavíkurborgar að fundaaðstöðu og annarri vinnuaðstöðu á Vinnustofu Kjarvals í Austurstræti kemur fram að eftirtaldar skrifstofur í Ráðhúsi Reykjavíkur og á Höfðatorgi taka þátt í tilraunaverkefninu. Tengiliðir á hverjum stað eru handhafar korta eininganna og hafa yfirumsjón með aðgangi viðkomandi einingar/starfsfólks:

Eining:	Tengiliður:
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara	Borgarritari/skrifstofustjóri
Skrifstofa borgarstjórnar	Skrifstofustjóri
Skrifstofa borgarlögmanns	Borgarlögmaður
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa	Mannréttindastjóri
Mannauðs- og starfsumhverfissvið	Sviðsstjóri
Þjónustu- og nýsköpunarsvið	Sviðsstjóri
Umhverfis- og skipulagssvið	Sviðsstjóri
Menningar- og ferðamálasvið	Sviðsstjóri
Skóla- og frístundasvið	Sviðsstjóri
Fjármála- og áhættustýringarsvið	Sviðsstjóri

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara er með aðgangskort en borgarritari og skrifstofustjóri eru handhafar aðgangskortsins. Starfsfólk á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara getur í samráði við borgarritara og skrifstofustjóra nýtt aðganginn að vinnustofunni. Borgarstjóri hefur því ekki aðgangskort. Formaður borgarráðs, forseti borgarstjórnar eða aðrir kjörnir fulltrúar Reykjavíkurborgar hafa ekki aðgang að vinnustofunni á kostnað borgarinnar. Kjörnir fulltrúar

gætu þó verið með aðgang að vinnustofunni á eigin vegum en þeir fá greiddan starfskostnað að fjárhæð kr. 58.721 mánaðarlega til að mæta persónulegum útgjöldum vegna starfa sinna sem borgarfulltrúar. Eins og fram kemur í samningnum er einungis um að ræða aðgang starfsfólks á nánar tilgreindum skrifstofum og sviðum Reykjavíkurborgar að fundaaðstöðu og annarri vinnuaðstöðu á vinnustofunni.

Á opnunartíma vinnustofunnar er boðið upp á kaffi úr vél og kolsýrt vatn án endurgjalds. Greitt er fyrir sérgerða kaffidrykki, gosdrykki og aðrar veitingar. Reikningar vegna veitinga frá vinnustofunni á tilraunatímabilinu hingað til nema samtals kr. 821.088. Um er að ræða kostnað veitinga á starfsdögum, vegna starfsþróunarsamtala, funda, námskeiða og ráðstefna frá 1. nóvember 2019 til 31. ágúst 2020, hjá þeim einingum sem eru með aðgangskort.

Svið/skrifstofa	Veitingar
Mannréttindaskrifstofa	105.260
Fjármála- og áhættustýringarsvið	17.300
Menningar- og ferðamálasvið	120.170
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara	154.845
Skrifstofa borgarstjórnar	97.670
Skóla- og frístundasvið	53.815
Umhverfis- og skipulagssvið	1.800
Þjónustu- og nýsköpunarsvið	270.228
Samtals	821.088

Ennfremur er velferðarsvið með kostnað upp á kr. 122.250 vegna jólaboðs Miðgarðs (Þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness) en þess ber að geta að velferðarsvið er ekki með kort að Kjarvalsstofu og því ekki um umframkostnað að ræða. Eins og fram kom að ofan þá gildir samningurinn um aðgang starfsfólks á nánar tilgreindum skrifstofum/sviðum Reykjavíkurborgar að fundaaðstöðu og annarri vinnuaðstöðu á vinnustofunni þá daga og á þeim tímum sem vinnustofa Kjarvals er opin. Tengiliður hjá hverri einingu hefur yfirumsjón með aðgangi viðkomandi einingar og þeirra sem þar starfa en ekki hefur verið haldin nein skrá hjá einingunum yfir þá viðskiptavinum eða gesti sem hafa verið boðaðir á fundi og/eða verið boðnar veitingar á þeim fundum. Hið sama gildir um viðburði vinnustofunnar en ekki eru fyrirbyggjandi skráðar upplýsingar um það hvort tengiliðir eininganna eða starfsfólk þeirra hafa nýtt sér forgang á nefnda viðburði.

Aðstaða Kjarvalsstofu var vel nýtt þar til Covid-19 faraldurinn skall á en hefur minna verið notuð á meðan samkomutakmarkanir eru í gildi. Þegar leigutíminn fyrir aðstöðuna rennur út þann 1. nóvember nk. verður metið hvort ástæða sé til þess að halda þessu tilraunaverkefni áfram og í því samhengi skoðað hvaða aðrar lausnir eru í stöðunni til að bæta fundaaðstöðu hjá Reykjavíkurborg á hagkvæman og skynsamlegan hátt.

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari

